



Stjórnarfundur 7 fimmtudaginn 15. apríl 2015 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Hreggviður Norðdahl, Dagbjört Víglundsdóttir í síma, Árni Jón Eggertsson og Brynja María Ólafsdóttir.

Afboð og mættu ekki: .

Dagskrá

- Ársþing BLÍ
- Smáþjóðaleikar
- Landsliðsmál
- Samskipti við útlönd
- Önnur mál

Fundargerð

Formaður BLÍ gerði það að tillögu sinni að breyta dagskrá og byrja á þriðja dagskrárlið um landsliðsmál þar sem formaður nefndarinnar þarf að víkja fljótlega af fundi. Samþykkt.

Landsliðsmál

- Stefán Jóhannesson fer yfir landsliðsmálin og byrjar á því að tilkynna um ráðningu verkefnastjóra á skrifstofu BLÍ. Hans hlutverk er að koma inn í laus verkefni og aðstoða sérstaklega með landsliðsmálin í undirbúningi. Kristján Geir er boðinn velkominn til starfa.
- Farið lítillega yfir Ítalíuferðina, frábær ferð og vel skipulögð fyrir Kvennalandsliðið og U18 liðið. U18 liðið tók þátt í Easter Volley móti þar sem yfir 90 lið tóku þátt. Enduðu í 15. sæti af 19 í þeirra flokki. A liðið landaði 2. sætinu í þriggja liða móti en þar var einn landsleikur gegn San Marino og svo æfingaleikur gegn Civitanova. Að auki var óformlegur æfingaleikur við Recina Volley.
- Karlalandsliðið stefnir á Færeyjar 22.-25. maí til að spila tvo æfingaleiki við Færeyinga. Þetta er góður tími og er undirbúningur hafinn fyrir ferðina.
- Daniele kemur eftir 8. maí og hefur æfingatímabilið með kvennalandsliðinu. Hann stefnir á að vera með 3 hóp á æfingum allan maí, A hóp 18 leikmenn, B hóp 12-16 leikmenn og svo Afrekshóp árgerð 2000-2001.
- Rogerio og Ólafur Jóhann verða með karlalandsliðið. Þar verða 18 í æfingahóp fram að móti.
- Unglingaverkefnin fara að komast á hreint. U19 í ICAST sömu viku og vanalega, vika 42 á dagatalinu, 12.-16. október. U17 verður um mánaðamótin október/nóvember. Það á eftir að ganga frá ráðningu þjálfara

Ársþing BLÍ

- Þingið verður 16. maí og verður Hreggviður Norðdahl tilnefndur þingforseti. Þingið hefst kl. 09.00 og á meðal þingstarfa eru kosningar formanns og tveggja í aðalstjórn auk þriggja í varastjórn. Dagbjört og Hreggviður eiga að víkja úr stjórn og gefa þau ekki kost á sér til setu í stjórn áfram.
- Fram kom að auglýsa ætti sérstaklega eftir framboðum í stjórn BLÍ.
- Þingboð verður sent út þann 16. apríl.
- Formaður BLÍ leggur til að stjórn geri það að tillögu sinni að ársþing fari fram annað hvert ár. Til þess þarf að breyta lögum.
- Ársskýrsla BLÍ verður eingöngu gefin út á netinu að þessu sinni og reynt að hafa þingið pappírslaut. Stefna að því að skýrslan verði tilbúin 5 dögum fyrir ársþing.

Smáþjóðaleikar

- ✓ Sævar fór yfir stöðuna á gangi mála v/vinnu við Smáþjóðaleika. Allt gengur vel, búið að fá tilnefningar fyrir Tæknifulltrúa frá CEV í blaki og strandblaki og dómara einnig. BLÍ sér um tvær íþróttagreinar og hefur langflesta sjálfboðaliða á skrá eins og staðan er núna, sem ber að fagna sérstaklega.
- ✓ Þarf að fara vel yfir það hvað er ÍSÍ og hvað er okkar. Skv. heimildum framkvæmdastjóra ætti enginn kostnaður að lenda á sambandinu.

Samskipti við útlönd

- ✓ Nokkur bréf bárust erlendis frá.
 - Event Design í LUX í júní. Grétar fór á þetta námskeið í jan og telur stjórn ekki þörf á að senda mann á þetta að þessu sinni.
 - Dómararáðstefna í Búlgaríu. Vegna anna í hreyfingunni er ekki útséð með það að hægt sé að senda mann á þessa ráðstefnu. Áður hefur BLÍ sent mann sem lítið sem ekkert hefur komið út úr.
 - Þjálfararáðstefna í strandblaki í Azerbajjan. Ferðalagið er of dýrt til að það sé hægt að senda mann í þetta.

Önnur mál

- ✓ Landsliðsnefndin hefur á sínu borði að skoða það að taka að sér HM yngri landsliða hjá FIVB. Um þessar mundir er FIVB að kalla eftir umsóknum um nokkra aldursflokka. Þessu fylgir gríðarleg vinna við umsókn og svo náttúrulega framkvæmd en þessu fylgja einnig miklir peningar
- ✓ Markmiðið með að halda mót er að auka áhugann. Þarf að skoða þetta vel og með það í huga hvaða landslið ætti heima í móti 2017. Grétar Eggerts hefur verið að skoða möguleikana og Jí falið að tala við hann vegna þessa.
- ✓ Bréf barst frá Mosfellsbæ v/afreksshópsverkefni. Jí svarar bréfinu en þar kom fram sú spurning hvort ekki verði viðlíka gert fyrir stráka í blaki. Það verður gert með tíð og tíma og fyrr en síðar.
- ✓ Afreksstefna
 - Okkur gengur misvel að uppfylla kröfur um afreksstefnuna. Það þarf að vinna stefnuna betur og leggja fram á ársþingi til umræðu. Árni Jón fenginn til að skoða málið betur með BLÍ.
- ✓ Tillögur sem vitað er að lagðar verða fyrir ársþing: Í bígerð eru 4 útgáfur af reglugerð um bikarkeppnina.
- ✓ Sporttv var rætt lítillega og sérstaklega hvernig það gangi. Ekki var nein niðurstaða um það annað en að BLÍ þarf að fara að klára sín mál gagnvart málinu.
- ✓ Dómarabúningar í blaki: Dómaranefnd þarf að ræða málið og horfa sérstaklega til framtíðar í þessum efnum. Þarna er kostur um auglýsingar sem myndu borga upp búningana. Kristján skoðar málið betur.

Fleira var ekki rætt á fundinum

Fundi slitið kl. 18:30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð